

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Akraness.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 3. júlí 1996 staðfest breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Akraness, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fölginn í því að lega Faxabrautar og Akursbrautar breytast, að fyrirkomulag innkeyrslu á lóð verksmiðjunnar breytist, að fyllt verður upp í höfnina framan við fiskimjölsverksmiðju, að ákveðin er ný staðsetning hráefnisgeyma, að lýsisgeymar verða færðir að suðurhlíð verksmiðjunnar og að leyfðar verða viðbyggingar við verksmiðjuhúsið á tveimur stöðum.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. ágúst 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 455

7. ágúst 1996

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 3. júlí 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er legu Faxabrautar og Akursbrautar.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. ágúst 1996.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 456

25. júlí 1996

## REGLUR

### fyrir skólahús og félagsheimili Hraungerðishrepps í Árnassýslu.

1. gr.

Nafn hússins er Þingborg. Eigendur félagsheimilisluta, 26.07/100 hússins, eru: Hraungerðishreppur að 92/100, Ungmennafélagið Baldur 5/100 og Kvenfélag Hraungerðishrepps 3/100.

Húsið er annars skólahúsnæði að 73.93/100.